

Því úrskurðast:

Varnaraðilja Skapta Davíðssyni skal reiknaður 13/16 hluti jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi í Árnassýslu á kr. 177.571.00 sem fyrirfram greiddur arfur úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar.

Þá greiði dánarbú Davíðs Jóhannessonar varnaraðilja Skapta Davíðssyni kr. 11.015.21 og sóknaraðilja Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 8.558.75.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1955.

Nr. 46/1955. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Magnúsi Guðbjörnssyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 203. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Guðbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. október 1954.

Ár 1954, mánudaginn 4. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, settum sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4463/1954: Ákærvaldið gegn Magnúsi Guðbjörnssyni, sem tekið var til dóms 1. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. apríl s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Magnúsi Guðbjörnssyni skrifstofumanni, til heimilis að Hagamel 18 í Reykjavík, þar fæddum 31. júlí 1918, fyrir að hafa á heimili sínu aðfaranótt sunnudagsins 21. febrúar s.l. haft samfarir við drenginn S. S. J., fæddan 16. júní 1939. Telst brot þetta varða við 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 31. júlí 1918 í Reykjavík og hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1938 11/2 Sætt. 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 3. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur og reglum um skotvopn. Byssa gerð upptæk.
- 1938 20/4 Sætt. 200 kr. sekt fyrir að aka stolnum bíl út af vegi réttindalaus og ölvaður.
- 1938 27/9 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51/1928.
- 1938 27/12 Sætt. 25 kr. sekt og 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.
- 1945 12/11 Sætt. 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 12/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrr brot gegn 93. gr. hegningarlaganna.
- 1948 3/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1948 17/12 Rvík. Sætt. 40 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr. 2. mgr. bifreiðalaga.
- 1949 10/10 Rvík. Sætt. 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 22/11 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður 6/2 1950.
- 1950 29/5 Rvík. Sætt. 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á 4. og 7. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
- 1952 27/5 Rvík. Dómur. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Má ekki neyta áfengis í 5 ár. Fyrir brot gegn 203. sbr. 200 gr. hegnl.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Nokkru fyrir miðnætti laugardagskvöldið 20. febrúar s.l. var ákærði staddur í Vonarstræti hér í bæ, og var hann þá nokkuð ölv-aður. Hann sá þá drenginn S. S. J., sem fæddur er 16. júní 1939, og bað hann um að hjálpa sér heim á Hagamel 18. Varð pilturinn við þessu. Ákærði spurði drenginn að því, hve gamall hann væri. Ákærði kveður drenginn hafa sagzt vera 16 ára, en drengurinn kveðst hafa sagt honum það, sem rétt var, að hann væri að verða 15 ára. Þegar þeir voru komnir að Hagamel 18, vaknaði hjá ákærða löngun til að hafa kynferðismök við drenginn. Bauð ákærði honum að koma inn, og gerði drengurinn það. Að beiðni ákærða fór drengurinn úr fötum sínum. Ákærði fór einnig úr sínum fötum. Lögðust þeir svo báðir á dívan, og fór ákærði með getnaðarlim sinn inn í endaparm drengsins og varð sáðfall. Drengurinn kveðst ekki hafa þorað annað en að láta vilja ákærða ráða að vera kyrr í herberginu hjá ákærða um nóttina og láta ákærða gera það, sem hann gerði.

Drengurinn kom svo ekki heim til sín fyrr en laust fyrir kl. 8 á sunnudagsmorgun. Hefur faðir drengsins borið það í sakadómi, að drengnum hafi þá verið mikið niðri fyrir og hálf viðutan. Kl. 10.30 um daginn athugaði Kristján Þorvarðsson læknir drenginn. Kveður læknirinn, að drengurinn hafi þá verið rólegur, en dálítið „shockeraður“ og kvartað um eymsli í endaparmi. Dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir hefur rannsakað ákærða, og í skýrslu sinni, dagsettri 17. marz s.l., kemst yfirlæknirinn að þessari niðurstöðu um ákærða:

„Hann er hvorki vanvita, geðveill né geðveikur, en hefur „duldar“ homosexuellar hvatir, sem þó aðeins virðast koma fram, er hann neytir áfengis“.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem lýst er hér að framan, gerzt brotlegur gegn 203. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri afbrotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 22. febrúar s.l. til 22. marz s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist ákærða að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Bótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðbjörnsson, sæti fangelsi í 1 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 22. febrúar 1954 til 22. marz 1954 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1955.

Nr. 192/1952. Skipaútgærd ríkisins (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Núpi h/f (Sveinbjörn Jónsson).

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1952. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 125.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. desember 1952. Krefst hann þess aðallega, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að v/s Erna hafi verið stödd í hættu, er v/s Þyrill kom henni til hjálpar. Þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 50.000.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8000.00.